



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudagur 8. janúar 2019 á Kjóavöllum.

3. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Auður Stefánsdóttir, Magnús Benediktsson, Sverrir Einarsson, Lárus Finnbogason, og Ólafur Karl Eyjólfsson, Margrét Tómasdóttir sem skráði fundargerð. Kristján Ríkharðsson boðaði forföll.

Á þessum 3. fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Samþykkt að Metamót verði 6. -8. september 2019.
2. Beiðni hefur komið frá Hestamannafélaginu Sóta á Álftanesi að vera með í vetrarleikum. Samþykkt, mótanefnd falið að sjá um frekari útfærslu. Fyrstu vetrarleikar 17. febrúar.
3. Formaður upplýsti um samskipti sín við Ármann bæjarstjóra Kópavogs vegna rekstrarstyrks bæjarfélagsins. Garðabær hefur gengið frá sínum hluta en Kópavogur er eftir.
4. Erindi sent á Garðabæ vegna lóða í hverfinu og úthlutun þeirra.
5. Garðabær hefur sýnt því áhuga að tengja hestamennsku frekar við æskulýðstarf þar í bæ. Auði falið að vinna málið áfram.
6. Farið yfir fjármál félagsins sem eru mjög þröng. Rekstur, bæði það sem er að koma inn og allur rekstrarkostnaður skoðaður.
7. Hundaræktarfélag Íslands biður um að fá Samskipahöllina fyrir stóra sýningu 23. - 24. febrúar. Að tillögu framkvæmdastjóra þá er samþykkt að svara þeirra beiðni neitandi þar sem höllin er upptekin fyrir áhugamannadeildina þessa viku á undan og þá of margir dagar í röð sem félagmenn hefðu ekki aðgang að henni.
8. Beiðni frá tveimur félagsmönnum, Auði Björgvinsdóttur og Erlu Guðnýju Gylfadóttur, um að ræða við stjórn málefni töltgrúppu Ragnheiðar Samúelsdóttur. Þeim verður boðið á næsta fund stjórnar.
9. Bent á að ljós vantar á nokkra staura við reiðvegi og allt of langt er á milli þeirra. Skapast mikil slyshætta vegna þessa. Magnús er í stöðugu sambandi vegna þessa við bæjarfélögin.

Fundi slitið kl. 18:45

Fundargerð ritaði MT